

Góðan dag





Ráðstefna - Fjölbreyttar leiðir til læsis

Fimmtudaginn 8. september 2016
kl. 8:30-12:30
Menntavísindasviði HÍ

*Lestur, læsi, skilningur, tjáning, færni (hæfni), mál
Samskipti - menntun*

Jón Torfi Jónasson
Kennaradeild Menntavísindasviðs HÍ
jtj@hi.is



Alþjóðlegur dagur læsis 50. ára

- UNESCO og alþjóðasamfélagið hefur ætíð sett læsi - literacy í brennidepil
 - Áratugur læsis 2003-2012, skilgreindur af UNESCO
 - Metnaðarfullu 15 ára verkefni “The Global Alliance for Literacy (GAL)”, stýrt frá UNESCO „Institute for Lifelong Learning” verður formlega hleypt af stokkum 8. september 2016
 - Athuga að áhersla á læsi á alþjóðavettvangi er engu síður fyrir fullorðna en börn, að sumu leyti enn frekar
- Hér á landi hefur áhersla á læsi ætíð verið mikil, bæði í kennslu og rannsóknum. Sumir muna eftir Harboe og ýmsum tilskipunum frá fyrri tíð um lestur. Með áherslu í nýju námskránni, með virkri þátttöku í PISA og ekki síst með Hvítbókinni og því sem henni fylgdi er ljóst hvílíkan forgang þetta verkefni hefur.



Um hvað snýst málið? Að bera virðingu fyrir menntun og skólastarfi

Áminning Paul Standish, sbr. ECER ráðstefnuna í Dyflini í fyrra mánuði

Minnir um margt á máflutning Gert Biesta

(Undir áhrifum af allri „reform“ umræðunni, Hattie og „what works“, „best practice“, og „evidence-based“,)

Úr mörgum áttum koma áskoranir um að staldra við og gæta þess að ganga ekki á vald klisja eða ganga í metnaðarfullum ákafa til liðs við lítið grundaðar hugmyndir og gleyma hugsanlega alveg að tala um menntun eða tilgang skólastarfsins.

Hugtakið læsi hefur á undanförunum árum verið sett í æðsta sess skólastarfs. Sú staða gerir miklar kröfur til okkar um að höndla það af virðingu og alúð og tryggja að það þjóni skólastarfinu og þar með menntun ungs fólks.



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- Mjög ólík merking orðanna læsi – literacy í ólíkum tungumálum. Ótrúlega margslungin umræða
- Ensk merking hefur ráðið mestu, en á ensku hefur orðið „literacy“ líka margar gjörólíkar merkingar
- Einnig hefur merking orðsins breyst í tímans rás (sbr. breyttar skilgreiningar OECD-PISA)
- Munur á íslenska læsi og enska literacy, og sérstök tengsl hugtakanna lestur og læsi á íslensku; hér hefur líka orðið áherslubreyting, sennilega einkum vegna enskra áhrifa
- Ólíkar áherslur á munnlega og bóklega menningu
- Vandí við smættun hugtaksins, læsi - eða literacy, en algjör nauðsyn hennar engu að síður, sbr. heiti málþingsins
- Óljós, en afar mikilvæg tengsl við umræðu um menntun annars vegar og samskipti (communication) hins vegar og mikilvægi læsis í því samhengi



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Mjög ólík merking orðanna læsi – literacy í ólíkum tungumálum. Ótrúlega margslungin umræða (sjá kafla 6 í UNESCO, 2005, Understandings of literacy).


(Box 6.8, Table 6.1)

- Stundum miðað við skólagöngu – ár í skóla (jafnvel að þeir sem hafa ekki gengið í skóla séu illiterate, þótt þeir geti lesið og skrifað)
- Stundum miðað við þjóðtunguna, óháð því hvort fólk sé fluglæst og skrifandi á annarri tungu
- Stundum aðeins lestur, stundum bæði lestur og ritun
- Stundum miðað við einfaldar setningar
- ...



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Ensk merking hefur ráðið mestu um þróun hugtaksins í alþjóðlegri umræðu, en á ensku hefur orðið „literacy“ líka margar gjörólíkar merkingar
- Læsi sem hæfni (literacy as skills)
- Læsi sem aðstæðubundin samskipti
- Læsi sem námsferli
- Læsi sem texti - samræða





Læsi – literacy

Þekkja hljóð, stafi
Skilja orð, texta

Lesa orð, texta

Svið Blooms 6+5+7
PISA 6 stig, margir flokkar
Yfirfærsla þekkingar

Skrifa stafi, texta

Hlusta

Tala, segja sögu

Þekkingarsvið
Viðhorfa- og
tilfinningasvið
Leiknisvið

Beita þekkingu
við nýjar
aðstæður;
meðal helstu
verkefna skóla

Lestur
Stærðfræði
Fjármál
Vísindi?!

....



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Einnig hefur merking orðsins breyst í tímans rás (sbr. breyttar skilgreiningar OECD-PISA)
- Ábending í Aðalnámskrá




Um hvað snýst málið? Aðalnámskráin – Læsi

„Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið).“ Síðan hafa hugmyndir breyst, en ljóst er að „það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar“ sem er aðstæðubundin. Nýir miðlar hafa mikil áhrif á hvaða augum við lítum læsi.

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Stefán Jökulsson segir í upphafi rits síns [LÆSI Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum](#), „Læsi er margþætt. ... Læsi snýst um samband orðanna við lífið sjálft, það sem við köllum raunveruleikann, og flest það sem við tökum okkur fyrir hendur. Það er ansi mikið.“

PISA The 2015 four literacies:



Scientific literacy (læsi á vísindalega aðferð, ekki vísindalæsi)

Reading literacy (lestrarlæsi – ekki ritun?)

Mathematical literacy (stærðfræðilæsi, tengsl við talnalæsi óljós)

Financial literacy (fjármálalæsi)

Nokkur íhugunarefni:


- Hvernig passar upplegg OECD – PISA við aðrar skilgreiningar? Ekki síst íslensku námskrána?
- Hvað með myndrænt efni? Hvað með ritun? Hvað með tjáningu almennt? Hvernig ýtir skema PISA undir ræktun tungumálsins, óháð lestri? Hvað með hlustun?
- Hvernig tryggir PISA hugsmíðaréttmæti kvarða sinna?

Skoðum nú aðeins lestrarlæsið - reading literacy

PISA The 2015 definition of reading literacy:

Box 3.1 (bls. 49) Reading literacy is understanding, using, reflecting on and engaging with written texts, in order to achieve one's goals, develop one's knowledge and potential, and participate in society.

- **Reading literacy** includes a wide range of cognitive competencies, from basic decoding, to knowledge of words, grammar and larger linguistic and textual structures and features, to knowledge about the world.
 - **is understanding, using, reflecting on**
 - **engaging with** (t.d. að njóta texta)
 - **written texts**, (þ.e. miklu meira en aðeins textar, sbr. grafískar bókmenntir)
 - **in order to achieve one's goals, develop one's knowledge and potential, and participate in society.**
- Einkenni verkefna – task characteristics
 - **situation**, which refers to the range of broad contexts or purposes for which reading takes place
 - **text**, which refers to the range of material that is read
 - **aspect**, which refers to the cognitive approach that determines how readers engage with a text.



Aspect (bls. 54)

... five aspects are organized into three broad aspect categories for reporting on reading literacy:

- access and retrieve
- integrate and interpret
- reflect and evaluate.



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Munur á íslenska „læsi“ og enska „literacy“, og sérstök tengsl hugtakanna lestur og læsi á íslensku; hér hefur líka orðið áherslubreyting, sennilega einkum vegna enskra áhrifa.

Lestur

Læsi

Literacy

Lestur og læsi í íslensku máli eru ekki lengur hálfgerðar samlokur eins og þessi hugtök voru fyrir örfáum áratugum. Læsi snýst nú orðið um samskipti og tungumál eins og það gerir í engilsaxneskri umræðu. Eða hvað?



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Ólíkar áherslur á munnlega og bóklega menningu
- Bóknámsrek, fagmenntun flyst inn í heim bókarinnar (academic drift)
- Sama virðist gilda um hið talaða orð, - frásögnina, leikrænu tjáninguna, eða hlustunina - að ógleymdu samtalinu, mikið af þessu færist yfir á bókina, ritgerðina, eða þá skjáinn
- Við getum þakkað Upplýsingunni, en þó öllu frekar Siðbótinni hina ríku áherslu sem lögð var á lestur; lestur var forsenda sannrar trúar og sjálfstæðrar þekkingaröflunar
- Sagt er að lesskilningur sé forsenda náms – eða kannski það sé skilningur?

“Needless to say, oral language comprehension is at least as vital as reading comprehension for effective curriculum access and learning”. Selma Babayiğit 2014

[The role of oral language skills in reading and listening comprehension of text: a comparison of monolingual \(L1\) and bilingual \(L2\) speakers of English language](#). Department of Psychology, University of the West of England, Bristol, UK. Journal of Research in Reading, ISSN 0141-0423 DOI: 10.1111/j.1467-9817.2012.01538.x Volume 37, Issue S1, 2014, pp S22–S47



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Ólíkar áherslur á munnlega og bóklega menningu - dæmi um orðanotkun

Námskeið í hagfræði við HÍ

Viðfangsefni: Línuleg jöfnuhneppi, fylkjareikningur, Gauss-Jordan aðferð. Vigurrúm og hlutrúm þeirra. Línulega óháð hlutmengi, grunnar og vídd. Línulegar varpanir, myndrúm og kjarni. Depilfargfeldið, lengd og horn. Rúmmál í margvíðu hnitarúmi og krossfeldi í þrívíðu. Flatneskjur, stikaframsetning og fólgin framsetning. Hornrétt ofanvörp og einingaréttir grunnar. Aðferð Grams og Schmidts. Ákveður og andhverfur fylkja. Eigingildi, eiginvigrar og hornalínugerningur.

Fjölmarginir geta lesið þennan texta og í raun skilið um hvað sé að tefla þótt þeir hafi ekkert vald á inntakinu. En flestir þurfa að leggja mikið á sig til að skilja vel öll hugtökin. Í mínum huga verða þeir að afla sér skilnings, frekar en lesskilnings og ná þannig valdi á efninu frekar en að verða læs á það.



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Vandí við smættun hugtaksins, læsi - eða literacy, en algjör nauðsyn hennar engu að síður, sbr. heiti málpingsins

„Fjölbreyttar leiðir til læsis“


Hvaða merkingu leggur viðkomandi í læsi? Hér hef ég gert grein fyrir því að það er hægt að smætta hugtakið á ýmsa vegu án þess að rústa því, enda er það vissulega iðulega gert að einhverju leyti, t.d. með því að not hugtök eins og Byrjendalæsi, málörvun, leik með orð, eflingu hljóðvitundar, örvun frásagnar, lært að hlusta, eða teikna - og svona endalaust. Það er hægt að tilgreina hvort miðað sé alfarið við lestur texta, eða hvort ritun sé með eða hvort notuð séu ólík myndmál, ... dæmin eru óendanleg.

Mín skoðun er sú að í umræðu um læsi eigi að knýja okkur til að tilgreina hvaða skilgreiningar á læsi við aðhyllumst og hvað þætti læsis við viljum helst rækta hverju sinni og hvernig þeir passa inn í þá skilgreiningu sem við notum. Vandinn er sá að árangur næst kannski best með því að rækta aðra þætti en þá sem við ætlum okkur að efla.

Um hvað snýst málið? Von um leiðsögn??!

Nýtt rit: Fisher, Frey, Hattie (2016). *Visible Learning for Literacy*

Engin skilgreining (eða nánast), engin útlísta nema á „effect size“



Literacy educators have been in search of „what works“ for decades. As a group, we've dedicated ourselves to student's reading and writing (and speaking, listening, and viewing) development because we know that literacy can change lives.

Surface learning

Deep learning

Transfer



Um hvað snýst málið? Nokkrar flækjur sem gagnlegt er að greiða úr

- ❖ Óljós, en afar mikilvæg tengsl við umræðu um menntun annars vegar og samskipti (communication) hins vegar og mikilvægi læsis í því samhengi

Í umræðu um menntamál almennt sárvantar tvennt að mínu mati og ég nöldra um það þriðja

1. Umræðu um tungumálin (tjáningartækin) og mikilvægi þeirra í samskiptum okkar, hvert annað og þá ólíku heima sem við viljum vera í tengslum við (t.d. heima menningar og þekkingar). Að mínu mati eiga tungumál að vera sjálfstæð verkefni, sem þjóna margvíslegum tilgangi og þjónusta þeirra við lestur og læsi á að vera mikilvæg aukageta.
2. Sífellda umræðu um markmið menntunar og í kjölfarið inntak hennar. Þetta ætti að breytast meira en marga grunar. Ég er á því að samskipti eigi að hafa algjöran forgang og þ.a.l. samskiptamálin (tungumálin) og leiðirnar (einkum lestur), af hvaða tagi sem þau eru.
3. Í gamla daga var talað um að læra stærðfræði, eða ná tókum á henni eða hafa vald á henni, eða þekkja og geta beitt vísindalegri aðferð, jafnvel geta gagnrýnt hana. En nú er talað um að vera stærðfræði- og vísindalæs. Mér er ekki ljóst hve mikið vinnst.



Alþjóðlegur dagur læsis 50. ára

- Baldur Sigurðsson segir í góðum [pistli um læsi á Lesvefnum](#) að það sé „ljóst að hugtak sem getur merkt nánast hvað sem er verður gagnslaust í allri umræðu og dregur athyglina frá því sem hlýtur að vera kjarni hugtaksins, að geta notað tungumálið á virkan hátt til skilnings og sköpunar.“
- Viðurkennum hver margbrotið þetta mikilvæga verkefni er, m.a. með því að halda til haga meginmarkmiðum menntunar, mikilvægi tungumálsins sem við reiðum okkur á og hve fjölbættu verki við verðum að sinna. Kannski er veigamesti þáttur læsis að rækta virðingu fyrir tungumálinu, ekki síst fyrir því hvernig við fagfólk tölum um verkefni okkar.



Kærar þakkir fyrir áheyrnina

